

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn



Reykjavík 26. september 2016  
UST201608-042/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Tillaga að deiliskipulagi frístundalóða í Kolviðarholtsmýri 1 í landi Böðmósstaða í Bláskógabyggð.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita Árnassýslu er barst 5.ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundalóða í Kolviðarholtsmýri 1 í landi Böðmósstaða.

### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er 14,9 ha að stærð og liggur að Hólá, Apavatni, Kolviðarholtsmýri 2 og Böðmósstöðum 1. Í greinargerð kemur einnig fram að megináhersla er lögð á að halda í upprunalegt gróðurfar og styrkja núverandi votlendi norð-vestanvert á svæðinu. Umhverfisstofnun tekur undir þær áherslur. Einnig kemur fram að reynt verður að halda í og styrkja núverandi votlendi norð-vestast á svæðin, og að í því sambandi verður útbúin tjörn um 76 m frá Hólá, sem yrði 400 m<sup>2</sup> að flatarmáli. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að koma fram rökstuðningur fyrir því að útbúa tjörn, frekar en að halda votlendi í upprunalegu horfi.

### **Frárennslisskurður**

Í greinargerð kemur fram að í norðvestur afmarkist landið af núverandi skurði og að gert sé ráð fyrir að landið verði einnig afmarkað af skurði að sunnan- og austanverðum landamerkjum. Þar sem áætlað er að grafa út nýjan frárennslisskurð bendir Umhverfisstofnun á að það hefur verið stefna stjórnvalda að raska ekki frekar votlendi. Árið 2002 kom út skýrslan *Velferð til framtíðar, Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020* sem var gefin út af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, þar segir: „Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands“.

Einnig kemur fram í greinargerð er fylgir skipulagstillögunni að áætlað sé að útbúa grasssléttu við hlið áætlaðs skurðar. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að votlendið fái að halda sér.

### **Fjarlægð frá ám sjó og vötnum**


Umhverfisstofnun tekur undir að óheimilt er að byggja nær ár- og vatnsbakka en sem nemur 50 m. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að sýna fjarlægð byggingarreitar frá Hólá á lóðinni sem er næst Hólá á uppdrætti.


## Veitur

Í greinargerð kemur fram að áætlað er að reisa tvær vindmyllur sem staðsettar verða á mörkum skipulagssvæðisins skv. uppdrætti. Fram kemur að ætlunin er að reisa 12 m há möstur með hljóðlátum vindmyllum. Umhverfisstofnun bendir á að nauðsynlegt er að spaðalengd komi fram þ.e.a.s. heildarhæð vindmyllna með spöðum, svo þeir sem hagsmuna eiga að gæta geri sér grein fyrir heildarhæð mannvirkjanna. Einnig telur stofnunin að útskýra þurfi hvað teljast hljóðlátar vindmyllur og að hávaði sé gefinn upp í mælieiningu.

Umhverfisstofnun bendir á að fráveita skal vera í samræmi við reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um rotþrær og siturlagnir.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Sverrir A Jónsson  
Sérfræðingur